

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 2000

Nr. 403

902

6. júní 2000

AUGLÝSING

um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest svofellda breytingu á reglum um skólasókn nemenda í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla:

Skólasókn

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um frávik frá skólasókn. Þar skal m.a. koma fram hvernig veikindi nemenda og önnur óhjákvæmileg forföll eru meðhöndluð. Sömuleiðis skal gerð grein fyrir viðurlögum við brotum á skólasóknarreglum.

Fjarvera vegna staðfesta veikinda og/eða læknismeðferðar nemanda útilokar hann ekki frá því að gangast undir próf í lok námsannar eða skólaárs. Leitast skal við að finna viðunandi leið að námslokum fyrir langveika nemendur.

Skólum er heimilt að meta skólasókn nemenda til einkunnar og/eða námseininga eftir frekari reglum er skólastjórn setur. Einingar sem samkvæmt þessu verða gefnar fyrir mætingu má taka af frjálssu vali nemenda en bætast ella við tilskilinn einingafjölda við námslok.

Skólum er heimilt að meta til eininga umfangsmikil störf á vegum nemendafélags, svo sem formennsku í félaginu og setu í stjórn þess, formennsku í félögum eða klúbbum sem starfa á vegum nemendafélags, ritstjórn skólablaðs, þátttöku í keppni á borð við keppnina „gettu betur“ svo og annað framlag til skólastarfsins af líkum toga sem talið er vert sérstakrar viðurkenningar með námseiningum. Einingar sem gefnar eru samkvæmt þessari heimild má taka af frjálssu vali nemenda en bætast ella við tilskilinn einingafjölda við námslok.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 6. júní 2000.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

Nr. 404

7. júní 2000

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Ísfélag Vestmannaeyja hf., fiskmjölsverksmiðju, Krossanesi, Akureyri, kt. 660169-1219. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir í 2 ár frá þeim tíma.

Reykjavík, 7. júní 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

*Gunnar Steinn Jónsson
staðgengill forstöðumanns.*